



Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfsseignarstofnun

Skólanámskrá SÍJ Íslenska – 2. bekkur

Íslenska er samofin öllum námsgreinum og skólastarfinu öllu. Í Ísaksskóla er sungið alla daga og áhersla lögð á að efla málskilning og orðaforða nemenda. Unnið er markvisst með lestur samkvæmt hljóðaaðferð Ísaks Jónssonar. Nemendur lesa heima daglega úr sameiginlegri lestrarbók. Í skólanum lesa börnin textann upphátt, ræða saman um efni hans og vinna margvísleg verkefni sem tengjast lesefninu. Auk sameiginlegrar lestrarbókar eru börnin með aukalestrarbók sem tekur mið af lestrargetu og áhuga hvers og eins. Þau fá einnig réttitunarbók sem þau skrifa í heima setningar úr lesefninu. Áhersla er lögð á að þjálfra lesfimi, lesskilning og ritun jöfnum höndum. Afar mikilvægt er að heimanámi sé fylgt vel eftir á fyrstu árum lestrarnáms.

Matsviðmið

Talað mál, hlustun og áhorf

Tjáð sig frammi fyrir bekkjarfélögum og sagt frá eigin reynslu
Lesið eigin sögur eða ljóð upphátt fyrir aðra
Farið eftir einföldum reglum í umræðum
Tekið þátt í hlutverkaleikjum og leikþáttum
Hlustað á sögur, leikrit, ljóð, horft á leikþætti og rætt efnið

Lestur og bókmenntir

Lesið upphátt, skýrt og áheyrilega
Svarað spurningum og dregið ályktanir út frá lesefni
Sagt frá lesefni og dregið saman aðalatriði
Valið lesefni eftir áhuga og lestrargetu
Fundið upplýsingar í bókum um fjölbreytt efni
Sungið lög af söngdagskrá skólans.
Útskýrt merkingu orðtaka og málshátta.

Ritun

Skrifað læsilega og snyrtilega þannig að stafir séu í réttum hlutföllum og sitji á línu
Dregið rétt til stafs með tengikrókum
Skrifað stuttar setningar með bili á milli orða
Svarað spurningum skriflega, með heilum setningum
Skrifað eigin frásagnir, sögur og ljóð og lesið fyrir samnemendur
Skrifað frásagnir og sögur sem hafa upphaf, meginmál og niðurlag
Beitt reglu um stóran staf í sérnöfnum og í upphafi setninga

Málfræði

Raðað orðum í stafrófsröð

Greint á milli sérnafna og samnafna

Fundið samheiti og andheiti

Greint kyn og tölu nafnorða

Virgni og samskipti

Tekið virkan þátt í tímum og farið eftir fyrirmælum sem gefin eru

Sýnt skólafélögum og starfsfólki virðingu, tillitssemi og kurteisi

Námsmat

Kennarar meta hæfniviðmið jafnt og þétt yfir skólaárið og birta á Mentor.

Námsmat skiptist á tvær annir; haustönn og vorönn. Kennarar meta þau hæfniviðmið sem áhersla er lögð á hverju sinni og unnið hefur verið með. Til grundvallar námsmati liggja fjölbreytt verkefni, ástundun, kannanir og próf.

- Lesfimiþróf frá Menntamálastofnun eru lögð fyrir í september, janúar og maí. [Hér](#) má nálgast lesfimiviðmið Menntamálastofnunar.
- Læsi - lesskimunarþróf fyrir 2. bekk er lagt fyrir í nóvember og apríl.
- Aston Index - stafsetningarþróf fyrir 2. bekk er lagt fyrir að hausti og vori.